



AÐALFUNDARBOÐ

AÐALFUNDUR VERÐUR HALDINN AÐ KIRKJUBRAUT 40, FÖSTUDAGINN 17. MARS OG HEFST HANN KL. 15:30

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1. apríl ár hvert og boða til hans með auglýsingum í blöðum og eða útvarpi og eða bréflaga með nægum fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi sem og öðrum félagsfundum nema hvað varðar lagabreytingar. Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og þarf til þess tvo þriðju atkvæða og skal tilkynna um lagabreytingar í fundarboði. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Gestur fundarins verður Heiðrún Janusdóttir, verkefnisstjóri og mun kynna tilraunaverkefni um tómsundaráðgjöf.

Fyrir liggja tillögur um lagabreytingar, sem eru eftirfarandi:

Í öðru kafla laganna verði gerð eftirfarandi breyting:

FÉLAGSGJALD.

Ársgjald skal ákveða á hverjum aðalfundi fyrir yfirstandandi almanaksár og má því aðeins breyta á aðalfundi.

VIÐ BÆTIST: *Ef sótt er um aðild að félaginu á tímabilinu júlí til desember greiðist aðeins hálf gjald fyrir það starfsár.*

Í ÞRIÐJA KAFLA LAGANNA STENDUR:

ÞESSIR LIÐIR SKULU VERA Á DAGSKRÁ AÐALFUNDAR.

1.-Skýrsla stjórnar. 2.-Lagðir fram endurskoðaðir félagsreikningar. 3.-Skýrslur nefnda. 4.-kosning stjórnar og varastjórnar og sé **formaður** kosinn sérstaklega, 5.-Kosning nefnda. 6.-Kosning tveggja endurskoðenda og einn til vara. 7.-Önnur mál.

Í STAÐ ÞESS KOMI:

DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

1. *Formaður setur fund og óskar eftir tillögum um fundarstjóra og fundarritara fundarins. Tillögur fundarins um fundastjóra og fundarritara bornar undir atkvæði. Meirihluti atkvæða ræður.*
2. *Skýrsla stjórnar.*
3. *Endurskoðaðir ársreikningar félagsins, kynntir af gjaldkera félagsins og lagðir fram til afgreiðslu aðalfundar.*
4. *Skýrslur nefnda lagðar fram.*
5. *Tillögur um lagabreytingar til afgreiðslu.*
6. *Kjör formanns félagsins.*
7. *Kosning annarra aðalmanna og varamanna í stjórn.*
8. *Kosning þriggja manna uppstillinganefndar. Hlutverk hennar er að undirbúa tillögur um framboð til formanns, stjórnar og fulltrúa í nefndum fyrir næsta aðalafund.*
9. *Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.*
10. *Tillögur um nefndir sem skuli starfa á næsta starfsári.*
11. *Kosning í nefndir.*
12. *Önnur mál.*

Í FJÓRÐA KAFLA LAGANNA STENDUR:

4. KAFLI.

TRÚNAÐARMENN FÉLAGSINS.

Í stjórn félagsins skulu sitja 7 menn og 3 til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leyti en formensku félagsins.

Í STAÐ ÞESS KOMI:

STJÓRN

Í stjórn félagsins skulu sitja 5 fulltrúar félagsmanna kjörnir á aðalfundi og 5 til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum að öðru leiti en formensku félagsins. Enginn skal sitja sem aðalmaður í stjórn lengur en 5 ár. Ef tveir eða fleiri hafa setið fimm ár eða lengur, ræður hlutkesti um hver skuli ganga úr stjórn.

Akranesi, 10. mars 2017

Tillögur um fulltrúa í stjórn og nefndir næsta starfsár (2017)

Stjórn FEBAN:

Hjörtur Gunnarsson
Jóhannes Finnur Halldórsson
Júlíus Már Þórarinsson
Sigrún Elíasdóttir
Þorvaldur Valgarðsson

Til vara:

Hanna Rúna Jóhannsdóttir
Hilmar Björnsson
Jónas Kjerúlf,
Júlíana Bjarnadóttir
Kristín Eyjólfsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Bragi Þórðarson,
Þjóðbjörn Hannesson.

Til vara:

Sigurjón Hannesson.

Húsnefnd:

Ágúst Ingi Eyjólfsson,
Böðvar Þorvaldsson,
Eiríkur Hverarsson,
Elsa Ingvarsdóttir,
Georg Einarsson,
Júlíus Már Þórarinsson,
Kristbjörg Pétursdóttir,
Kristrún Líndal Gísladóttir,
Þóra Hallgrímsdóttir.

Laganefnd:

Áslaug Rafnsdóttir,
Stefán Skjaldarson,
Tryggvi Bjarnason.

Kórnefnd:

Ágúst Ingi Eyjólfsson,
Ólafur Guðmundsson, formaður
Ragnhildur Theódórsdóttir.
Sigurlaug Inga Árnadóttir

Ferða- og skemmtinefnd:

Elín Sigtryggsdóttir,
Jóna Kristrún Sigurðardóttir,
Júlíus Már Þórarinsson,
Kristrún Líndal Gísladóttir
Ólöf Gunnarsdóttir,
Sigríður Eiríksdóttir.
Valdís Einarisdóttir,
Viðar Einarsson,
Þjóðbjörn Hannesson.

Menningar- og fræðslunefnd:

Guðmundur Kristjánsson,
Hafís Daníelsdóttir,
Hulda Sigurðardóttir,
Kristjana Emelía Guðmundsdóttir,
Sesselja Einarisdóttir,
Sigurlaug Inga Árnadóttir,
Steingrímur Bragason.

Íþróttanefnd:

Ásgeir Samúelsson,
Baldur Magnússon,
Edda Elíasaradóttir,
Eiríkur Hverarsson,
Gunnar Guðjónsson,
Silvía Georgsdóttir,
Þorvaldur Valgarðsson,
Þóra Elísabet Hallgrímsdóttir.

Uppstillinganefnd:

Jóhann Ársælsson,
Ólöf Gunnarsdóttir,
Sigríður Eiríksdóttir.